

LED-dimmer með snúningsrofa

pöntunar-nr. : 0300 00

notkunarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar



Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.


Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Hætta vegna raflosts. Takið tækið úr sambandi áður en viðhaldsvinna eða vinna við tengd tæki fer fram. Það gildir einnig um alla sjálfvirka öryggisrofa sem geta leitt hættulega spennu í tækið eða tengd tæki.

Hætta vegna raflosts. Tækið hentar ekki til að taka strauminn af. Þótt að slökkt sé á tækinu er straumurinn ekki sjálfkrafa rofinn með galvaníseringu.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing



mynd 1: Tækjalýsing

- | | |
|-----|---------------|
| (1) | Dimmer |
| (2) | Rammi |
| (3) | Lok |
| (4) | Stillihnappur |
| (5) | Festing |
| (6) | Skrúfklemmur |

3 Aðgerð

Rétt notkun

- Til að kveikja/slökkva á og deyfa glóðarperur, háspennuhalógenperur og háspennuljósdióðuperur með fasadimmingu
- Til uppsetningar í tengidós samkvæmt DIN 49073
- Notist með viðeigandi loki

i Ekki hægt að nota með samrofum.

- i** Ekki hægt að nota með spennum.

Eiginleikar tækis

- Fasadimming
- Skammhlaupsvörn með smávari

- i** Tengdar ljósaperur geta flökt ef álag fer niður fyrir tilgreint lágmark eða ef rafveita sendir álagsstýripúlsta auk þess sem suð getur heyrst í tækinu vegna truflunarþælis. Þetta þýðir ekki að eitthvað sé að tækinu.

4 Notkun

- i** Stillihnappinum er snúið til þess að kveikja/slökkva og dimma.

Kveikt á ljósi og birtan aukin

- Snúið stillihnappinum réttisælis.

Slökkt á ljósi

- Snúið stillihnappinum í endastöðu rangsælis.

5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja




HÆTTA!

Lífshætta vegna raflosts.

Takið tækið úr sambandi við rafmagn. Breiðið yfir spennuleiðandi hluti.

Tengja og setja upp dimmi

- i** Við hvert 16 A sjálfvar má mest tengja 300 W LED-perur.
- i** Dimmerar frá okkur taka mið af mismunandi rafeindaeiginleikum flestra LED-pera sem eru fáanlegar á markaði. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að útkoman verði ekki eins og óskað er eftir í einstaka tilvikum.



mynd 2: Tengimynd

- Tengid dimmerinn (1) samkvæmt tengimynd (mynd 2).

1 x 0,5 ... 2,5 mm²

1 x 0,5 ... 2,5 mm²

1 x 0,5 ... 2,5 mm²

mynd 3: Þversnið leiðara sem hægt er að klemma

- Setjið dimmerinn upp í tengidós. Tengiklemmurnar verða að liggja niðri.
- Setjið rammann (2) og lokið (3) á.
- Stingið stillihnappinum (4) á.
- Kveikja á rafspennu.

6 Tæknilýsing

Málspenna	AC 230 V~
Raftíðni	50 Hz
Afköst í biðstöðu	u.þ.b. 0,2 W
Orkutap	u.þ.b. 3,7 W
Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C

Tengt afl við 25 °C	
Glóperur	20 ... 200 W
Háspenntar halógenperur	20 ... 200 W
Háspennuljósdióðuperur	venjul. 3 ... 40 W

Blandað afl viðnám og háspennu-LED	venjul. 3 ... 40 W
---------------------------------------	--------------------

Aflmínkkun	
Við utanálggjandi uppsetningu	-5%
Fyrir hverjar 5 °C yfir 25 °C	-10%
Við uppsetningu í tré- eða gifsvegg	-15%
Við uppsetningu ásamt öðrum búnaði	-20%

Smávar	T 800mA H 250
--------	---------------

7 Aðstoð í neyðartilfellum

Ekki er hægt að kveikja á tækinu. Eða: Tækið slekkur á tengdu tæki og ekki er hægt að kveikja aftur á því.

Athugið smávarið og skiptið um það ef þess þarf. Notið eingöngu upprunaleg öryggi.

Tengdar háspennuljósdióðuperur flökta

Orsök: Perurnar eru ekki dimmanlegar eða dimmingin og perurnar passa ekki saman.

Athugið upplýsingar frá framleiðanda. Skiptið perunum út fyrir aðra tegund.

Þegar stillt er á minnstu dimmingu er flökt í tengdum háspennuljósdióðuperum eða þær slökkva á sér

Orsök: Stillt er á of litla birtu fyrir perurnar.

Stillið á meiri birtu.

LED-peran logar dauft þegar slökkt er á dimmernum

Orsök: LED-peran hentar ekki fyrir þennan dimmer.

Notið jöfnunareiningu, sjá „Aukabúnaður“.

Notið LED-peru af annarri gerð eða frá öðrum framleiðanda.

8 Aukabúnaður

Jöfnunareining LED

pöntunar-nr 2375 00

9 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/ uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de